



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 141/1650
komudagur 19. 2. 2013

Reykjavík, 15. febrúar 2013
EBG/hó

Efni. Tillaga til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda á 141. löggjafarþingi, þskj 58

35. - ~~58.~~ mál

Tilv. 2013020004

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði alþingis, dags. 5. febrúar 2013.

Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.

Telja verður brýnt að auðlindir þjóðarinnar verði skilgreindar með sem skýrustum hætti og jafnframt að tekið verði tillit til þeirra skilgreininga við lagasetningu og reglugerðarsmíð. Bent er á að í skýrslu Auðlindanefndar frá 2000, en vitnað er í fylgiskjal með henni á bls. 2 í þingsályktunartillögunni, hefur láðst að telja með veigamiklar náttúruauðlindir sem flestar varða landbúnaðinn miklu en það eru **erfðaauðlindir búfjár**, einkum landnámskynjana, þ.e. íslenska geitin, íslenski hesturinn, íslenska mjólkurkýrin og íslenska sauðkindin. Þar með fylgir einnig íslenski fjárhundurinn. Öll eru þessi kyn þekkt fyrir mikla og verðmæta erfðafjölbreytni sem hefur m.a. haldist við vegna einangrunar landsins og nýtingar þeirra allt frá upphafi Íslandsbyggðar. Er eindregið lagt til að úr þessu verði bætt.

Þá er bent á að einnig hafa orðið þau mistök að tilgreina ekki sérstaklega land til ræktunar, **ræktunarland**, sem er ein veigamesta auðlindin, einkum vegna matvælaframleiðslu og fæðuöryggis. Ljóst er að eftirspurn eftir þessari auðlind mun aukast í framtíðinni enda hafa stjórnvöld markað þá stefnu að stuðla að framleiðslu matvæla til að anna aukinn eftirspurn á innlendum og erlendum mörkuðum.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson